

# BOLUNGUR

## FRÉTTABRÉF GRUNNSKÓLA BOLUNGARVÍKUR



Litadýró

### Lita tilraun

#### 1. BEKKUR SAMDI

Við vorum að lita kínakál. Við settum vatn með matarlit í glas og síðan settum við kínakál. Við létum þetta bíða í 3 klukkustundir. Þegar við kíktum á þetta þá var kálblaðið búið að drekka litaða vatnið. Kálblaðið skipti um lit. Okkur fannst gaman að gera þessa tilraun. Kveðja, 1. bekkur.



## Stóra upplestrarkeppnin

#### 7. BEKKUR

Fimmtudaginn 25. febrúar fór fram undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar í skólanum. 7. bekkur var búinn að æfa sig vel á köflum úr sögunni Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur og ljóði að eigin vali. Við þökkum dómurum dagsins kærlega fyrir aðstoðina en þeir voru: Helgi Hjálmtýrsson, Ragnar Edvardsson og Salbjörg Júlía Þorsteinsdóttir.

Miðvikudaginn 10. mars var lokahátíðin haldin í Hömrum á Ísafirði. Fulltrúar skólans voru Jón Guðni Guðmundsson, Jensína Evelyn Rendall og Halldóra Björg Jónsdóttir. Jón Guðni varð í þriðja sæti og óskum við honum innilega til hamingju með árangurinn.

**ÁRSHÁTÍÐ GRUNNSKÓLA BOLUNGARVÍKUR VERÐUR  
RAFRÆN ÞETTA SKÓLAÁRIÐ – NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR**

## VAL Á MIÐSTIGI

## Útival

GUÐRÚN GUÐFINNSDÓTTIR

Í útivali á miðstigi eru fjölbreytt verkefni. Nemendur hafa farið í ýmiss konar leiki og byggt snjóhús. Einnig hafa nemendur verið að læra að tálga með aðferð sem kölluð er „örugg hnífsbrögð“. Þessi aðferð lágmarkar hættu á að nemendur skeri sig eða þá sem nálægt eru. Meðan verið er að ná tókum á aðferðinni nota nemendur venjulega borðhnífa. Nemendur eru að tálga perlu sem síðan verður borað í gegnum með handbor sem kallast nafar, svo hægt sé að setja hana á band. En þar sem það getur orðið blautt að sitja í snjónum, þá eru nemendur að búa til sessu til að sitja á úti þegar verið er að tálga. Sessan var búin til með því að þæfa ullarkembu sem síðan var sett í poka undan morgunkorni þá er sessan orðin vatnsheld.



## JANÚAR

## Þorablót á yngsta stigi



Yngsta stig hélt sameiginlega þorablót í byrjun þorramánaðar. Þar sýndu allir bekkir skemmtileg atriði fyrir hvert annað, sungu saman og borðuðu þorramat. Meðfylgjandi QR-kóði leiðir ykkur í eitt þeirra skemmtilegu þorralaga sem nemendur sungu saman.

## NÆSTA SKÓLAÁR

## Styrkir

HALLDÓRA DAGNÝ SVEINBJÖRNSDÓTTIR

Sprotasjóður Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur úthlutað styrkjum fyrir skólaárið 2021-2022. Grunnskóli Bolungarvíkur, í samstarfi við alla grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum sótti um styrk fyrir innleiðingu á leiðsagnarnámi og fengum við úthlutun upp á 900 þús kr. Markmið verkefnisins er að innleiða leiðsagnarnám sem mun auka gæði náms nemenda, valdefla þá og styrkja í að ná markmiðum sínum í námi. Styrkurinn verður fyrst og fremst nýttur til námskeiða fyrir alla starfsmenn skólanna. Auk þess fékk verkefnið „Grænir frumkvöðlar framtíðar“ styrk frá Rannís. Grunnskóli Bolungarvíkur er þátttakandi í verkefninu ásamt Nesskóla á Neskaupsstað, Ársskóla á Sauðarkróki, Matís, Fab-lab á hverjum stað, sjávarútvegisfyrirtæki í grennd við skólann og Djúpið. Helsta markmið verkefnisins er að vekja áhuga og efla þekkingu grunnskólabarna á loftlags- og umhverfismálum, nýsköpun og sjálfbærri auðlindanýtingu í þeim tilgangi að virkja þau til baráttunnar gegn loftslagsvánni og hvetja þau til grænnar nýsköpunar.

## GRUNNÞÁTTURINN SJÁLFBÆRNI

*Míni morfís - Unglingastig*

GABRIELA GALKA, JÓRUNN INGA GUÐNÝ OG MARGRÉT

Í febrúar - mars vann unglíngastigið að verkefnum tengdum grunnþættinum sjálfbærni. Við höfðum tvær vikur til þess að undirbúa okkur fyrir míni Morfís 2021.

Morfís virkar þannig að það eru þrjár til fjórir í hverju liði og liðið er samsett af frummælanda, meðmælanda, stuðningsmanni og liðstjóra.

Hvert lið hafði sitt umræðuefni og voru annað hvort með eða á móti. Umræðuefnin voru til dæmis: Að fá sorpbrennslu- stöð til Bolungarvíkur, Að vera eingöngu með rafmagnsbíla í Bolungarvík árið 2030 og fá laxeldi ídjúpið.

Allir fluttu ræðu nema liðstjórnarnir.

Dómararnir voru Gunnlaugur Gunnlaugsson sem hefur farið og keppt í Morfís fyrir hönd Menntaskólans á Ísafirði. Svo var það okkar frábæri skólustjóri hún Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir og enginn annar en bæjarstjórinn sjálfur Jón Páll Hreinsson. Keppnin fór fram í sal skólans. Valinn var ræðumaður úr hverju liði: Ólöf María fyrir, Að fá sorpbrennslu til Bolungarvíkur og lið hennar vann sinn riðil, í því voru Jórunn og Matthías Breki. Már Óskar var ræðumaður í sinni umferð en hann var á móti því að fá vindmyllur í Skálavík, liðið hans vann líka sinn riðil. Í liðinu voru Hálfván, Óliver og Ívar Elí.

Margrét Gunnarsdóttir var ræðumaður síns riðils fyrir að vera með því Að vera eingöngu með rafmagnsbíla í Bolungarvík árið 2030. Lið hennar vann einnig sinn riðil, í því liði voru Linda, Rögnvaldur og Gunnar. Ólafur Hafsteinn var valinn fyrir að vera á móti því, Að virkja Dynjanda. Hans lið vann einnig sinn riðil en í því voru Mariann, Jóhanna og Benjamín. Klara Líf var ræðumaður liðsins, Að fá laxeldi í djúpið, hennar lið vann líka þann riðil, liðsmenn voru Sigurgeir, Gabriela og Guðrún. Fyrir úslitin komu elsku bestur kennararnir okkar með kökur fyrir okkur og dómarana.

